

Reykjavík 22. febrúar 2011

Kæri Jón forseti.

Ég heiti Magdalena Guðrún og er 13 ára. Mér finnst skrytið að þú sért kallaður Jón forseti því að þú varst aldrei forseti. Það eru margir sem ruglast á þessu og halda að þú hafir verið forseti Íslands og ég var ein af þeim. Það verður að viðurkennast að þetta er dálítið ruglingslegt. En ég er samt viss um að hefðir þú orðið forseti, hefðir þú orðið góður forseti. Forsetinn sem við höfum núna heitir Ólafur Ragnar Grímsson og er mikið í fréttunum eins og er.

Fréttirnar eins og þær eru í dag eru ekki mjög skemmtilegar og frekar neikvæðar. Flestir krakkar eru komnir með leið á fréttunum og þreyttir á að heyra neikvætt tal fullorðna fólksins. Það er eins og fólk verði neikvæðar og þreyttara af því að horfa á neikvæðar fréttir og það gerir krakkana líka neikvæða og allt verður einhvern veginn erfiðara. Mér finnst að það ætti að vera meira af jákvæðum fréttum, eins og til dæmis hvað fólk sé að gera gott í samfélaginu og segja að eitthvað sé að skila árangri eða jafnvel að það sé afsláttur einhvers staðar. Ég veit að það er kannski ekki alvöru frétt, en það er betra en að segja að 20 manns hafi látið lífið í sprengjuárás einhvers staðar í heiminum. Mér finnst fólk stundum aldrei hugsa út fyrir kassann og hugsu bara hvað allt sé slæmt núna. Það ætti frekar að hugsa um allt það góða sem þú gerðir fyrir okkur og ég er viss um að líf okkar væri ekki það sama og það er í dag, hefðir þú ekki fæðst.

Borgarstjórinn í Reykjavík er sérstakur, ég ætla ekki að segja neitt meira því mamma bað mig um að milda það sem ég skrifaði áður. Hann er að skera svo mikið af tónlistarskólunum í borginni að sumir skólar hafa ekki efni á að hafa eins marga nemendur eða kennara og þá er þeim bara sagt upp og jafnvel þurfa margir tónlistarskólar að hætta. Mér finnst þetta alveg hræðilegt því ég er sjálf í tónlistarnámi og fyrir mér er þetta meira en áhugamál, mér finnst þetta vera mikill partur af menningunni og eitthvað sem má ekki leggjast af. Ég væri ekki sama manneskja og ég er í dag hefði ég aldrei byrjað í tónlistarnámi. Borgarstjórinn er einnig að spá í að sameina skóla sem mér finnst heldur ekki sniðugt og gerir ekkert gagn. Krökkum finnst ekki gott að læra í stórum hópum og læra frekar illa ef bekkirnir eru stórir og því mun námið ekki skila eins miklum árangri. Værir þú enn á lífi í dag held ég að þetta væri einn af þeim hlutum sem þú værir að leggja áherslu á og reyna að bæta, því þú lagðir sjálfur svo mikla áherslu á að fólk menntaði sig. Ég er að bíða eftir einhverju jákvæðu í samfélaginu og að fólk reyni að finna eitthvað gott við það sem þeim finnst ekki skemmtilegt. Eins finnst mér að það megi þakka fyrir að við séum sjálfstæð þjóð og það er meðal annars þér að þakka. Fólk á að fara að líta meira á björtu hliðarnar og þakka fyrir það sem maður á en ekki vera endalaust í skugganum. Ég heyrði einu sinni málshátt og mér finnst hann svo skemmtilegur því hann er bjartur og glaður, hann er svona: Horfðu mót sólinni, þá sérðu ekki skuggann.

Þetta ár er dálítið merkilegt ár eða kannski ekki dálítið merkilegt heldur mjög merkilegt ár í sögu Íslands. Ástæða þess er að eftir 116 daga er 200 ára afmæli þitt. Mér finnst alltaf svo gaman að fara niður í bæ á 17. júní, sjá styttuna af þér og blómin sem hafa verið sett þar. Ég er búin að læra mikið um þig bæði í skólanum og svo hefur mamma mín einnig sagt mér mikið um þig. Mig langar því að þakka þér fyrir allt sem þú hefur gert fyrir þjóðina. Mér finnst það líka kenna fólki margt. Mér finnst það kenna fólki að það á aldrei að gefast upp og að allir geti átt sér drauma. Engum hefði dottið í hug að strákur frá Hrafnseyri í Arnarfirði myndi verða það merkilegur og mikill maður, að allir á Íslandi myndu vita hver hann væri og það yrði jafnvel haldinn mikill veisludagur á afmælisdegi hans á hverju ári. Það verður að segjast alveg eins og er að það yrði hlegið mjög mikið af þeim manni sem myndi segja þetta. En ótrúlegustu hlutir

geta gerst og þú barðist ekki einungis fyrir sjálfstæði Íslendinga heldur kenndir þú okkur að við eigum aldrei gefast upp, en einnig að hlutirnir gerast ekki af sjálfu sér. Ég er viss um að þú hefðir ekki orðið svona frægur og merkur maður hefðir þú bara setið heima og hugsað að þú gætir ekki neitt því þú værir bara ómerkur strákur. Þú fórst og gerðir eitthvað við líf þitt og mér finnst því fólk eigi að stand upp og láta drauma sína rætast því þeir rætast ekki af sjálfu sér.

Kær kveðja
Magdalena Guðrún